

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að fjárhæð allt að 2 milljónum sterlingspunda með þeim kjörum og til þess tíma, er um semst.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins, sem eru mikilvægar fyrir þjóðarhag, eða endurlánuð öðrum aðilum í sama skyni gegn fullnægjandi tryggingum.

Ríkisstjórnin ákveður skiptingu lánsfjárins í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur. Skal um skiptinguna farið eftir mikilvægi framkvæmdanna og þeim möguleikum öðrum til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru.

Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflunar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. nóvember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.